
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2008-01
Fundartími: Mánudagur 8. september 2008 kl. 13:00-14:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Störf eldsneytishóps og uppkast að nýrri eldsneytisspá.
- 2) Störf raforkuhóps.
- 3) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Sigurður Ágústsson
Ágústa S. Loftsdóttir
Arnar Þór Sveinsson
Ívar Þorsteinsson

Verkfræðistofan Afl:
Fjarverandi:

Jón Vilhjálmsson
Magnús Magnússon
Haukur Ingibergsson
Eiríkur Bogason
Magnús Ásgeirsson

- 1) ÁL sagði að uppkast væri tilbúið að nýrri eldsneytisspá og fengu fundarmenn það fyrir fundinn. Ætlunin er að láta setja skýrsla þannig að hún líti vel út og sýndi Ágústa dæmi um það. RÍP lagði til að fengin yrðu tilboð í þá vinnu og ef þau væru há yrði sleppt að hafa almennar forsendur í viðauka.
- 2) JV fór yfir verkefni raforkuhóps og sagði að tilbúið væri uppkast að endurreiknaðri spá og yrði gegnið frá því í næstu viku. Hann sýndi einnig raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Raforkuvinnslan hefur aukist um 42,9% frá sama tíma árið 2007 en flutningstöp hafa aukist um 31,4%. Stórnotkun hefur aukist um 63,6% en almenn notkun um 1,7%. Ótryggð orka hefur minnkað um 6,2% en almenn forgangsorka aukist um 2,9%. Nokkur breyting er á hitafari milli ára en 1. ársfjórðungur var kaldari en árið á undan á meðan 2. ársfjórðungur var nokkuð hlýrri. Ársfjórðungarnir jafna því hvorn annan nokkurn veginn út og verður aukning forgangsorku eftir leiðréttingu 2,8%

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 14:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Dæmi um útlit á skýrslu, kafla 2.

Dreift var fyrir fundinn:

- Eldsneytisspá 2008-2050. Útgáfa 2 til yfirlstrar í eldsneytishópi og orkuspárnefnd.

Verkefni frá þessum og fyrri fundum:

Umsjón	Verkefni
Ragnheiður	Markmið með starfinu og skipulag (frá fyrri fundi)